

Til fjárlaganefndar Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 402. mál.

Ágæti formaður.

Stjórn Félags Stjórnenda í Framhaldsskólum mótmælir þeirri breytingu á stefnumörkun sem fram kemur í nýrri fjármálaáætlun, að sparnaður vegna styttingar náms til stúdentspróf haldist ekki inni í framhaldsskólakerfinu. Í 20. lið yfirlitsins, á bls. 67 segir:

Áætlunin gerir ráð fyrir því að framlög til framhaldsskólasviðsins verði nær óbreytt árið 2018 að raungildi en lækki lítillega eftir það eða um 0,6% árlega eða sem svarar til 630 m.kr. uppsafnað á árunum 2018–2022. Eins og í fyrri fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að umtalsverður sparnaður komi fram í framhaldsskólakerfinu vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú og sá sparnaður endurspeglast í lægri framlögum til málefnasviðsins. Þrátt fyrir lækkun á framlögum til framhaldsskólastigsins aukast útgjöld á hvern nemanda um sem nemur 3–5% á ári að raunvirði. (undirstrikun bréfitara).

Sambærileg efnisgrein í næstu áætlun þar á undan, á bls. 54, stendur:

Áætlunin gerir ráð fyrir að framlög til framhaldsskólastigsins vaxi um 3,2 mia.kr. að raunvirði frá og með árinu 2016 til ársins 2021 eða sem svarar til nálægt 12% raunvaxtar yfir tímabilið. Á sama tíma er gert ráð fyrir að fram komi umtalsverður rekstrarsparnaður í framhaldsskólakerfinu vegna styttingar námstíma úr fjórum árum í þrjú. Áætlunin gerir ráð fyrir að allur sá sparnaður sem muni falla vegna styttingarinnar muni haldast innan kerfisins og fari í að efla framhaldsskólastigið enn frekar. (Opinber fjármál 2017-2021) (undirstrikun bréfitara).

Framhaldsskólastigið á Íslandi hefur lengi búið við vanfjármögnun, það er m.a.s. dregið fram í nýju áætluninni, á bls 265:

Langvarandi aðhald í fjárheimildum til framhaldsskóla hefur sett mark sitt á starfsemi framhaldsskóla og rekstrarstöðu þeirra. Undirfjármögnun hefur bitnað á gæðum kennslu og námsframboði og hvorki hefur verið unnt að veita viðunandi stoðþjónustu né endurnýja búnað og kennslutæki. Gert var ráð fyrir að fjárhagslegt svigrúm sem myndaðist við fækkun nemenda yrði notað til að ná jafnvægi í fjármögnun framhaldsskóla

Sú breyting að taka fjármagn úr skólunum mun auka enn á rekstrarvanda skólastigsins. Hann er nægur fyrir.

Stjórn Félags Stjórnenda í Framhaldsskólum

Benedikt Barðason formaður

Snjólaug E. Bjarnadóttir

Guðlaug M. Pálsdóttir

Þorbjörg Ó. Jónsdóttir

Þorbjörn Rúnarsson